

- 105 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð skáldkonu Höllu
2. sept. Eyjólfsdóttur frá Laugabóli“ útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 2. september 1938.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð skáldkonu Höllu Eyjólfsdóttur frá Laugabóli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Minningarsjóður skáldkonu Höllu Eyjólfsdóttur frá Laugabóli“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af undirrituðum eiginmanni með 1000 — eitt þúsund — króna framlagi, sem ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, en auka má sjóðinn með viðbótartillögum frá stofnanda hans eða öðrum arfleiðsluáheitum og minningargjöfum.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur, skal $\frac{1}{2}$ — hálfum — vöxtum hans árlegum varið samkvæmt fyrirætlum 4. gr., en hinn helmingur ársvaxtanna lagður við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn 15 — fimmtán þúsund — krónur, má þá verja $\frac{3}{4}$ — þremur fjórðu hlutum — ársvaxtanna í sama augnamiði, en einn fjórði hluti ársvaxtanna leggist ávallt við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn 250000 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund — krónur, en úr því má verja öllum vöxtum til styrktar samkvæmt 4. gr., en höfuðstólinn má aldrei skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja — eftir efnum hans — eina eða fleiri gáfaðar og námfúsar stúlkur til skólanáms, einkum með trjá-, blóma- og garðræktarnám fyrir augum, og skulu afkomendur Höllu ganga fyrir, að öðru jöfnu, af umsækjendum úr Nauteyrar- og Geiradalshreppum. — Námsmeyjar úr öðrum byggðarlögum koma ekki til greina, nema þær sanni skyldleika sinn við velnefnda Höllu Eyjólfsdóttur.

Þegar sjóðurinn er orðinn það stór, að fært þykir að auka starfssvið hans einhverntíma í framtíðinni, skal leyfilegt að verja vissri upphæð árlega til allskonar skógræktar í Nauteyrar- svo og Geiradalshreppi. — Að öðru leyti má aldrei breyta aðaltilgangi sjóðsins.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins séu hlutaðeigandi sóknarprestur, skólastjóri skólahéraðs Nauteyrarhrepps og hreppsnefndaroddivitinn, og velja stjórnarnefndarmenn sér formann af nefndarmönnum, og skal hann auglýsa í viðlesnu blaði fyrir hvaða tíma umsóknir um styrk úr sjóðnum séu komnar til hans, og að úthlutun styrks eða styrkja úr sjóðnum fari ávallt fram fyrir 1. september ár hvert.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, umsækjendur um styrk úr sjóðnum, úthlutun styrksins, fundarsamþykktir og allt annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórnin haldi einnig sérstaka bók fyrir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld. — Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af endurskoðendum, er stjórnin kýs.

7. gr.

105

Skipulagsskrá þessi öðlist konunglega staðfestingu, og óskast þá skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðindanna, svo og árlegur reikningur sjóðsins, sem stjórnarnefndin semur fyrir 1. febrúar ár hvert, þegar sjóðurinn samkvæmt 3. gr. hefir tekið til starfa.

2. sept.

Staddur í Reykjavík, 31. ágúst 1938.

Gunnar Steinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

106

8. sept.

um breyting á reglugerð um niðurfjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað, frá 28. júlí 1931.

5. gr. reglugerðarinnar skal orðast svo:

Fyrir vatn til skipa skal gjalda 3 kr. fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest. Þó sé minnsta gjald 15 kr. fyrir önnur skip en fiskiskip. Heimilt er bæjarstjórn að veita ívilnun á vatni ef skip taka vatn að mun í einu. Þegar um smærri innlend fiskiskip er að ræða, sem lítið vatn nota og ekki til annars en neyzlu, er bæjarstjóra heimilt að semja við hlutaðeigendur um fast gjald yfir heilt ár eða heila vertíð að upphæð allt að 25 kr. eftir stærð skipanna. Skip, sem vatnsveitan hefir afhent vatn, má ekki að viðlögðum sektum fara af höfninni, áður en vatnið er greitt.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. september 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Borgarhrepps“ 107
útfegin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 19. sept- 19. sept-
ember 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Borgarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Borgarhrepps.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er Brunabótasjóður Borgarhrepps, sem varð eign hreppsins samkv. lögum nr. 26 23. júní 1932, og er að upphæð kr. 11114.02.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands eða Sparisjóði Mýrasýslu. Hann má einnig ávaxtast í fyrirtækjum, sem Borgarhreppur ber ábyrgð á, gegn ekki lægri vöxtum en innlánsvöxtum í Sparisjóði Mýrasýslu.